

**Fundargerð 70. fundar Fræðslusjóðs**  
**Mánudaginn 27. nóvember 2017 kl. 14:00 – 15:30**  
**haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð**

**Mætt:** Guðrún Ragnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Kristín Þóra Harðardóttir, Jón Fannar Kolbeinsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Boðuð forföll: Fjóla Jónsdóttir, Svanhildur Sverrisdóttir

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)**

Samþykkt frestað til næsta fundar vegna fjarveru Svanhildar og í ljósi athugasemda frá henni.

**2. Úthlutun 2018 (fylgiskjal 2)**

Umsóknir 2018, tillaga að skiptingu sjóðs, tillaga að úthlutun

Vakin var athygli á að IÖK er stjórnarmaður í IÐUNNI og því vanhæf ef mál henni tengd eru til afgreiðslu.

Áætlað framlag til sjóðsins, 795.400.000, byggir á upplýsingum úr fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 sem lagt var fram í september 2017.

Samþykkt skipting á sjóði:

Vottaðar námsleiðir	508.100.000
Náms- og starfsráðgjöf	130.700.000
Raunfærnimat	125.200.000
Þróunarverkefni	31.400.000
<b>Samtals</b>	<b>795.400.000</b>

Tillaga til vottaðra námsleiða samþykkt. Ekki veitt hærra en umsókn segir. Mismunur í eftirstöðvar.

Tillaga um ráðgjöf samþykkt. Ekki veitt hærra en umsókn segir. Mismunur í eftirstöðvar.

Tillaga að framlagi til akstur ráðgjafa samþykkt.

Tillaga um raunfærnimat samþykkt.

Samþykktar úthlutanir. Yfirlit yfir einstök verkefni í raunfærnimati er í fylgiskjali 2 í fundargögnum, auk þess sem þau verða birt á vef FA þegar staðfest úthlutun liggur fyrir og gengið hefur verið frá samningum.

Fræðsluaðili	Námsleiðir	Ráðgjöf	Raunfærnimat	Akstur v. ráðgj.
Mímir-sím.	181.870.000	20.920.000	11.381.000	347.000
Framvegis	36.160.000	3.290.000	3.018.000	59.000
Starfsmennt	2.370.000	2.070.000	4.080.000	35.000
IÐAN	4.340.000	33.860.000	64.593.625	357.000
Fr.skr. raf.	0	4.998.000	7.377.100	52.000
<b>Samt. höfuðborgarsv.</b>	<b>224.740.000</b>	<b>65.138.000</b>	<b>90.449.725</b>	<b>850.000</b>

KKH  
A-10  
91

Vesturland	24.500.000	6.500.000	7.375.125	612.000
Vestfirðir	18.190.000	5.290.000	5.089.750	632.000
Norðurl. v.	12.010.000	4.150.000	4.797.250	1.141.000
Eyjafjörður	69.300.000	12.240.000	16.765.000	1.208.000
Pingeyjars.	9.960.000	5.460.000		1.089.000
Austurland	20.980.000	4.220.000	2.219.500	336.000
Suðurland	36.850.000	9.300.000	11.202.000	1.423.000
Vestm.eyjar	12.500.000	3.290.000	5.112.750	359.000
Suðurnes	76.430.000	12.490.000	9.830.000	854.000
<b>Samt. landsbyggðin</b>	<b>280.720.000</b>	<b>62.940.000</b>	<b>62.391.375</b>	<b>7.654.000</b>
<b>Alls</b>	<b>505.460.000</b>	<b>128.078.000</b>	<b>152.841.100</b>	<b>8.504.000</b>
<b>Framlag úr sjóði</b>	<b>508.100.000</b>	<b>130.700.000</b>	<b>125.200.000</b>	<b>0</b>
Mism.	2.640.000	2.622.000	-27.641.100	-8.504.000

### 3. Verðlisti 2018 (sjá fylgiskjal 2)

Vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, túlkapjónusta.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar. FA komi þá með tillögu að verðbreytingu. FA hugi að verðbreytingum í fjárlögum, þróun verðlags og þróun launa á markaði.

### 4. Gögn Hagstofu um stærð markhóps; skilgreiningar (sjá fylgiskjal 3)

Svör frá Hagstofunni lögð fram til kynningar – sjá fundargögn.

### 5. Aðsend erindi – (engin við útsendingu dagskrár)

### 6. Önnur mál

Í kjölfar úthlutunar, sbr. lið 2, var varpað fram þeirri hugmynd að nýta hluta eftirstöðva í sjóði til að styrkja eitt skilgreint verkefni með verulegum hætti, miðað við það sem styrkir til þróunarverkefna hafa verið á undanförunum árum.

Í umræðum í framhaldinu var bent á að mikilvægt er að fá nánari upplýsingar um árangur af vinnu Fræðslusjóðs fyrir markhópin, undanfarin ár, en samkvæmt lögum um sjóðinn er honum ekki heimilt að kosta þá vinnu. ✓

Lagt til að fundir 2018 verði síðasta mánudag í hverjum mánuði kl. 14:00 til 15:30

Næsti fundur ákveðinn 18. desember n.k.

Guðrún Þorgeirsdóttir  
 Guðrún Hilmarsson  
 Ingibjörg Þsp Stefánsdóttir  
 Krista Þora Flóresdóttir